

17. Einar G. Einarsson 75 ára í dag

Morgunblaðið, 29. desember 1938.
Afmælisgrein eftir Jón Pálsson.

Einar G. Einarsson

75 ára í dag

Einar G. Einarsson frá Urriða-fossi er fæddur að Urriða-fossi 29. des. 1863, og ólst hann þar upp til tvítugs aldurs hjá for-eldrum sínum, Einari Einarssyni og konu hans, Katrínu Eyjólfsdóttur. Hálfbræður Einars G. Einarssonar voru þeir sjera Magnús á Gilsbakka, Sigmundur á Vindheimum og Andrjes, sem var hjá Bryde, Andrjessonar, allir sam-mæðra, en hálfsystir Einars var Ingunn Einarisdóttir í Bjarma-landi og voru þau samfeðra. Þótt Einar G. Einarsson sje 75 ár að aldri í dag, hefir eigi mikið á hon-um borið í lífinu, nje heldur að hann hafi borist mikið á um dag-ana, á hann þó sína sögu, sem margir aðrir alþýðumenn, er sýnt hafa lofsverðan dugnað og trú-mensku í stórfum sínum, svo, að það hefir vakið aðdáun annara og eftirtekt, jafnvel meðal erlendra manna.

Sem kunnugt er, var brúarsmiðinu yfir Ölvesá lokið 1891 (vígð 8. sept. þ. ár. Hjet sá Mr. Waug-han, enskur verkfræðingur, er fyr-ir brúarsmiðinni stóð og hafði hann m. a. tvo unga Englendinga í þjónustu sinni, vana menn og verkfræðinga; áttu þeir að flytja járn milli landa við ána og festa uppistöðujárnin í strengi þá, er yfir brúna voru strengdir, en þá vildi til hið sorglega slys, mánu-daginn 15. júní, að annar þessara manna fjell í ána og druknaði. Var þettaá þriðja degi frá því að byrj-að var að flytja og festa járnin, og smiðinní langt komið. Brúar-smiðurinn átti því úr vöndu að ráða, því menn voru óvanir því-áð var að flytja og festa járnin, líkri vinnu, er þótti, sem var, hætтусöm mjög. Varð Einar þá til þess að gefa sig fram að vinna með hinum Englendingnum, sem eftir var og var vanur verkinu. Fór þetta svo vel hjá Einari, að hann fjekk 9 króna dagkaup þann tíma sem eftir var sumarsins, en annars var dagkaupið 3 krónur hjá öðrum verkamönnum um þær mundir, og þótti gott.

Fjórum árum síðar bar svo við, að Mr. Vaughan tók að sjer brúarsmiðina yfir Þjórsá, (vígð 28. júlí 1895), og hafði hann nú að-eins einn vanan mann við hina sömu vinnu sem áður við Ölvesá-brúna og treysti nú á Einari, að hann tæki á sig hið áhættu-sama verk við Þjórsárbrúna, sem hann hafði áður haft við Ölvesá. Þór enn vel fyrir Einari og með Mr. Vaughan honum utan með sjer til vinnu við brúarsmiði í Englandi; tilboð þetta þáði Einar þó eigi, en tók að sjer brúarvörsluna við Þjórsá um tveggja ára skeið.

Frásögn þessi, um áréði og dugnað Einars, sýnir, að erlendir menn kunna að meta það að verð-leikum, sem vel er gert.

Árið 1889 fluttist Einar á Eyrarbakka og þar kvongaðist hann árið 1892, Jóhönnu Magnúsdóttur, hinni mestu ágætis- og mynd-arkonu (d. 1925); var hún systir hins alkunna „Hús-Manga“, er flestum skipbrotsmönnum bjarg-aði úr sjávarháska á Eyrarbakka.



Einar G. Einarsson.


Varðþeim Einari og Jóhönnu 5 barna auðið, en eitt þeirra, (stúlka), andaðist á bernsku-skeiði; 2 synir og 2 dætur þeirra eru á lífi; meðal þeirra er Valgeir kunnur fyrir söng sinn í kirkjum hjer og við jarðarfari.

Einar var sönghneigður maður mjög og söngrodd hans mikil og fögur. Jeg minnst þess, að eitt sinn í Stokkseyrarkirkju — það var 4. júní 1876, þá er orgelið var vígt — heyrðist barnsrodd ein skær og fögur, en þó mild og þýð, yfirgæfa allan annan söng. Þegar það vitnaðist, að „það var 12 ára gamall drengur, sonur Einars garla í Urriðafossi“, sem hafði svona fögur hljóð, sögðu menn: „Þaðan var þess að vænta; það syngur allt svo vel á Fossi“. Þáð syngur fór svo nokkru síðar til Hafnarfjarðar til þess „að læra á orgel“, hjá Einari Einarssyni frænda sínum frá Laxárdal, hann var faðir Sig. E. Hliðar, þáð dyralæknis og þá nýlega orðinn organísti í Hafnarfirði, en veturinn 1878—79 var Einar frá Laxárdal að læra hjá Bjarna Pálssonar, sem hafði ofurvið Harmonium og hafði sig á um veturinn til að æfa sig á um veturinn.

Einar G. Einarsson er góðlyndur maður, gætin og stiltur vel, sem ekki vill vanm sitt maður, og vill öllum mönnum vita í neinu og vel.

Gleðilegt nýtt ár Einar minn! Þökk fyrir margra ára samvinnu við „að raula bassann á Bakkann“ forðum, fyrir áréði þitt og ósjerhlifni, er þú sýndir við það að festa járnin neðan í brúarstrengina yfir öllu fossaflauminu í ánum, og margt annað vel gert. Megi æfíkvöld þitt verða þjer fagurt og fagnaðarríkt!

Jón Pálsson.



Knattspyrnu

Pantað

að áramótadansleik fjelagsi Jónssyni í Lækjargötu 12 A á sama tíma.

NB. Allir aðgöngumiðar